



1, 7.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Júní, 1906.

Barna·morgunsálmur.

Eftir séra *Steindór* heitinn *Briem*.

(Lag: Þann signaða dag.)
 Þú gafst okkur, drottinn, góða nótt —
 ó, gaman er vel að dreyma! —
 Und vernd þinni sváfum vel og rótt,
 þú virtist oss öll að geyma.
 Ó, lát okkur, drottinn, lífs um tíð
 ei liðsinni þínu gleyma!

Og gef oss nú, drottinn, góðan dag
 og gott eitt að læra' og iðja.
 Vort annastu ráð og allan hag,
 virfst okkur að leiða' og styðja.
 Og lát oss í dag og líf vort alt
 æ læra að vaka' og biðja.

—o—

Biðjið kvöld og morgun.

Jesús kendi lærisveinum sínum *Faðir-vor*, börn. Hann vildi, að þeir lærðu að biðja. Og hann vill, að þið lærð að biðja. Honum er ant um það ykkar vegna. Þið getið ekki orðið góð börn, ef þið lærð ekki að biðja.

Munið það að biðja á kvöldin. Gleymið því ekki! Munið, að þið þurfið að hafa guð hjá ykkur. Þegar þið leggist út af á koddann ykkar í Jesú nafni eins og guðs börn, þá þurfið þið ekki að óttast neitt. En þið leggist ekki út af á koddann ykkar í Jesú nafni eins og guðs börn, ef þið biðjið ekki. Hugsið um það, hvernig þið hafið verið um daginn, hvort þið hafið ekki verið vond — hvort þið hafið ekki verið óhlýðin. Og ef þið sjáið það, biðjið há guð að fyrirgefa ykkur og hjálpa ykkur til að vera góð og hlýðin börn. Hugsið líka um pað, hvað guð var góður við ykkur liðnaðaginn, og þakkið honum fyrir það, eg biðjið hann að vera hjá ykkur nöttina og vaka yfir ykkur. Biðjið hann líka að blessta foreldrana ykkar, systkinin ykkar og leiksystkinin og alla menn á allri jörðinni. En hugsið líka sérstaklega um heiðingjana og alla þá menn, sem ekki þekkja guð. Þeir eru í myrkri og eiga svo bágt. Biðjið fyrir þeim. Biðjið guð að senda til þeirra menn, sem kenni þeim að þekkja guð. Og biðjið hann að hjálpa mönnunum, sem eru nú að kenna þeim að þekkja guð, svo að heiðingjarnir geti borist út úr myrkru og inn í ljósið hjá guði. Viljið þið ekki gera þetta, góðu börnin mín?

Óg á *morgnana cigið þið líka að biðja*. Munið það! Gleymið því ekki! Þið þurfið eins að hafa guð hjá ykkur á daginn. Þakkið guði fyrir nöttina, að hann vakti þá yfir ykkur. Þakkið honum líka fyrir daginn, sem hann gaf ykkur, fyrir ljósið og lísið. Biðjið hann að hjálpa ykkur til að lísa í ljósini eins og góð börn hans. Hjálpa ykkur til að forðast alt ljótt —syndina, ljóta myrkrið, en elskar hann og alt gott—alt ljósið. Þegar þið elskið guð og hlýðið honum, þá gangið þið í ljósini. Og þegar þið byrjið daginn með því að biðja guð að hjálpa ykkur til að vera góð börn, þá byrjið þið daginn í Jesú nafni. Enginn kristinn maður á að byrja daginn sinn öðruvísi en í Jesú nafni. Munið þið að gera það. *Munið að enda daginn og byrja hann í Jesú nafni.*

— o —

Notið tímann vel.

V.

„Nei, ekki er hann búinn enn! Hvað ætli verði úr þessu? Hvað skyldi honum endast lengi þetta efni, „barna“-manninum?“

„Pei—þei! Hann heyrir til ykkar“. — Já, eg heyri, börnin míin góð. Hvað lengi mér endist efnið, ætla eg ekki að segja ykkur. En eg hef dálítið meira að segja um það við ykkur.

Efnis ð er stórt, því tíminn ykkar er svo dýrmætur. Eg vil, að þið finnið til þess. En það er ykkar vegna, að tíminn er mikils virði. Þið eruð *sjálf* svo mikils virði, að tíminn má ekki verða ykkur til ills og fara illa með ykkur.

Hafid þið hugsað um það, að þið eruð mikils virði. Þið þursið að lugsa um það — ekki til þess samt, að þið verðið stór upp á ykkur af því. — Svei! Það er ljótt að vera stór upp á sig! — Nei, heldur til þess að þið verðið lítillát. *Guð* á að vera stór í augum ykkar, en ekki þið sjálf.

Guð vill brúka ykkur, börn, til þess að vinna fyrir sig. Þess vegna eruð þið mikils virði. Hann vill láta ykkur taka við af okkur, himmum eldri, þegar við haettum verkinu okkar í lífinu. Þá er ykkar verk í lífinu að taka við verkinu okkar og vinna það *betur* en við gerðum. Þess vegna vill *guð*, að þið *uppalist* vel og kerid að nota *eskuna* ykkar vel, eins og eg minti ykkur á seinast, og lærid að nota *allan tímamann* ykkar. Því betur sem þið lærid þetta, því betur getur *guð* brúkað ykkur.

Gáð nú að þessu: Tíminn ykkar er dýrmætur, af því þið eruð svo mikils virði og af því *guð* vill láta ykkur vinna fyrir sig.

En svo bið eg ykkur að taka eftir einu sérstaklega, sem eg í þetta sinn vil tala um við ykkur. Það er um að nota vel *sunnudagana* ykkar.

Þið munið eftir sögunni um *piltinn*, sem félkk *stöðuna*. Eg sagði ykkur hana hérna í vor. Það var víst í Apríl. Þið munnið þá eftir manninum, sem settur var til þess að grenslast eftir, hvernig piltur hann væri. Á meðal annars átti hann að komast eftir því, hvernig hann feri með sunnudaginn sinn. Það var álitid eitt merki þess, hvernig piltur hann væri. Ef hann fór illa með hann, þá var hann ekki góður piltur. Hann sýndi, að hann var ekki *guðhræddur*. Og þá var honum ekki treystandi. Þetta var álit bankamaunsins. Og hann vildi fá pilt, sem mátti treysta.

Á ykkur er það líka merki, hvernig þið farið með sunnudagana ykkar. Það sést á því, hvort þið eruð góð eða vond börn — hvort þið óttist *guð* og elskið hann, eða þið hafið gleymt honum. *Guðhrædd* og góð börn fara ekki illa með sunnudagana sína. Og *guðhræddir* og góðir menn verðið þið ekki, ef þið farið illa með sunnudagana ykkar. Og þá getur *guð* ekki brúkað ykkur til þess að vinna fyrir sig. Og hvers virði verðið þið þá? Einskis virði, börn.

Eg sagði ykkur áðan, að þið væruð mikils virði, af því *guð* vildi brúka ykkur. En ef þið farið svo með timann ykkar,

að hann getur ekki gefið ykkur neina vinnu, af því hann getur ekki trúð ykkur fyrir neinni vinnu, þá eruð þið ekki til neins.

Til hvers eru peningar, sem ekki er hægt að brúka? Þið farið í búð með þá og ætlið að kaupa eitthvað fyrir þá. En kaupmaðurinn segist ekki taka þá. Eru þeir þá nokkurs virði, peningarnir ykkar, ef þið getið ekki fengið neitt tyrir þá? Haldið þið þá, að þið verðið nokkurs virði, ef guð getur ekki notað ykkur til þess að gera neitt fyrir sig?

Það er þá mikils virði fyrir ykkur, að þið farið vel með sunnudagana ykkar. Ef þið gerið það, þá er eitt vist — þið farið vel með hinn tímann ykkar, hina dagana alla. Guð hefur gefið okkur sunnudaginn, og vill, að við förum vel með hann, til þess að við förum vel með hina dagana, og lífið verði okkur til blessunar. Guð vill, að sunnudagurinn geri okkur góð, ekki bara þann daginn, heldur alla hina dagana. Ef sunnudagurinn gerir það ekki, þá gerir hann okkur vond — bæði þann dag og alla hina. Og sunnudagurinn gerir okkur áreiðanlega vond, ef við förum illa með hann.

Þið skiljið það þá, börnin míín, að þið megið ekki fara illa með sunnudagana ykkar, svo að þið verðið ekki vond börn, heldur góð.

Það eru, því miður, til börn, sem fara skelhlegra illa með sunnudagana sína. Þau hugsa þá ekkert um guð. Þau læra ekkert um guð. Vilja ekki fara á sunnudagsskóla. Vilja ekki fara í kirkju. Vilja ekki hlusta á guðs orð, eða lesa það. Vilja ekkert gera, nema ólmast og vera í sollinum allan daginn. Læra þá á sunnudeginum að vera óhlýðin og gleyma guði. Þau börn verða vond.

En vond börn megið þið aldrei verða. *En munið þá að fara vel með sunnudagana ykkar.* Munið mig um að lofa guði að tala við ykkur á sunnudögunum. Og munið að hlýða honum. Biðjið til hans. Syngið líka sálmana ykkar á sunnudögum. Farið á sunnudagsskóla, þar sem sunnudagsskóli er. Farið til kirkju, þegar þið getið. Takið þá eftir, og verið með að syngja. *Já, lærið að syngja á sunnudögum.* Syngja mikil og syngja vel og syngja það, sem fallegt er. Þið eigið að vera syngjandi börn, og svo að verða syngjandi menn. Sunnudagarnir eiga að hjálpa ykkur til þess.

Og þegar þið hafið guð hjá ykkur og eruð hlýðin börn hans, þá getið þið líka leikið ykkur á sunnudögum og verið glöð með góðri samvisku.

Ykkur ríður á því að geta verið glöð með góðri samvisku. Og það getið þið, ef þið farið vel með sunnudagana. Munið

mig um að gera það. Eg veit, að það er best fyrir ykkur, börn-in góð.

Um svörin frá börnunum.

Seinast lofaðist eg til þess að gera grein fyrir svörum. Tólf börn hafa sent mér svör. Og þakka eg þeim öllum fyrir. Raunar hafði eg búist við svörum frá fleiri börnum. Ær eg býst hálfst í hvoru við, að til fyrirstöðu hafi verið, að þau hafi verið hrædd við að senda mér svar — ef til vill hrædd við prestinn.

Það kemur fyrir, að börn eru hrædd við presta, af því þau hafa verið hrædd á þeim. Presturinn hefur af sumum verið hafður fyrir grýlu á börnin, þegar þau hafa verið vond. Og þá halda þau, að presturinn sé einhver svartur, ljótur karl með poka, og komi út úr einhverju myrkra-skoti og dyngi vondu börnunum o'ní pokann sinn. Barn spurði mig einu sinni að því, hvar pokinn minn væri. Og furðadi sig augsýnilega á því, að það sá hvergi pokann. — Eða presturinn er hafður fyrir vönd á börnin. Og þá hugsa þau sér, að hann sé böðull með vöndinn á lofti og láti hann dynja á þeim, ef þau æmta eða skráemta.

EKKI er það laust við, að þetta sé hálf-leiðinlegt fyrir prestinn. Og ekki er það sem allra best fyrir börnin. Raunar enginn ábati heldur fyrir foreldrana. — Prestumum öllum þykir vænt um ykkur, börn. Og þá langar til þess að gera ykkur alt hið besta. Svo þið þurfð alls ekki að vera hrædd við þá.

En eg býst við, að það hafi ekki að eins verið þetta, sem hafi aftrað ykkur, heldur líka framtaksleysið. Ykkur hetur langað til þess að svara. Og þið hafið ætlað að gera það; en framtakssemina hefur vantað. Það hefur orðið að steini í veginum fyrir ykkur, sem þið hafið látið leggja. Óhræsis framtaksleysið er slæmur „steinn“.

Svo óttast eg eitt enn. Eg óttast, að sumum hafi fundist það vera of mikil áreynsla fyrir sig að svara. Hafi með öðrum orðum alls ekki nent því. Hafi ekki viljað hafa fyrir því. Haldið líklega, að það *borgaði* sig ekki. „Fjársjóðurinn“ undir „steininum“ mundi ekki vera þess virði, að lagt væri nokkuð á sig til þess að ná í hann. Nú, „fjársjóðurinn“ var vitanlega ekki verðlaunin, sem heitin voru, heldur *gagnið*, gróðinn sá, sem hvert barn gat haft af því að eiga við spurningarnar og leggja það á sig að svara þeim. Hann gróða hafa öll þau börn farið á mis við, sem ekki hafa nent að eiga við spurningarnar.

Eg tel sjálfsagt samt, að miklu fleiri hafi glímt við þær en

börnin, sem skrifuðu mér. Að þau hafi gefið sjálfum sér svar upp á þær, eða foreldrunum sínum. Æn munið þið þá, hver svörin ykkar voru?

Ekkert af svörunum, sem mér voru send, voru rétt svör upp á *spurningarnar*. Sum komu nær því rétta en sum. Æn öll báru þau vott um sann-kristilega hugsun. Þess vegna þótti mér vænt um þau öll. Og þau sýndu mér líka kristindóm í hjörtum barna og foreldra. Guð blessi öll kristnu foreldrin hjá okkur, sem gróðursetja kristindóminn í hjörtum barnanna sinna og hugsa vel um að hlúa að honum! —

Börnin hafa adallega hugsað um fjársjóðinn á himnum, seltuna þar fyrir Jésúm Krist, verðlaun trúrra kærisvema hans. Guð blessi ykkur þá hugsun, börnin míni! Hann láti hana ætíð vera stærstu hugsunina ykkar. Og hann gefi ykkur kraft í Jesú nafni til þess að vinna sigur á „öllu því, sem vill verða betrun ykkar til fyrirstöðu“, eins og eitt ykkar komst að orði — vinna sigur á öllum „syndlunum, vondu girndlunum og freistaingunum“, sem þið kölluðuð „steina“ og í sammleika eru steinar. Glímið karlmannlega í Jesú nafni við alt ilt bæði ljá ykkur sjálfum og öðrum. Þið eignist þá dýrðleg sigurlaun.

Eg er þegar búinn að gefa bending um réttu svörin. Eg gerði það áðan, þegar eg mintist á framtaksleysið og letina. Æn nú skal eg gera það betur. Takið þið þá eftir. „*Steinarnir*“, sem átt var við með spurninguini: „Hverjur eru svo steinarnir?“ — er alt það, sem guð vill að þið eigið við, glímið við, stritið við, berjist við og sigrist á í lífinu, hvort heldur það er citthvað í fari ykkar sjálfrá, citthvað ljótt, sem þið þurfið að sigra, eða það er citthvað þungt í lífinu, sem þið þurfið að hola, eða það er citthvert verk, sem þið eigið að vinna og reynir á krafta ykkar.

„*Ijársjóðurinn undir hverjum steini*“, sem átt er við, er *blessunin öll*, sem stríðið og stritið við „steinana“ hefur í för með sér, og sjálfsafneitunin því samfara og s'gurvinningin. Alt gagnið, andlega og líkamlega, — aukinn vilji og aukinn bróttur og aukinn ánaegja — alt, sem leiðir af því, að við leggjum á okkur guðs vegna.

Gleymið nú ekki, börn míni, að ná í þennan „*tjársjóð*“, sem falinn er undir hverjum „steini“. Og látið hvorki leti, kæruleysi né mannlæysi stela frá ykkur „*fjársjóðnum*“.

Helsta og besta ástæðan.

(Þýtt.)

Lítil stúlka var að leika sér að brúðunni sinni. En mamma hennar var að skrifa. Eftir nokkra stund kallar móðirin á hana upp í fangið á sér. Tátan litla segir þá: „Eg er svo glöð, mamma. Mig langaði til að elskja þig *mikið*.“

„Jæja, ástin míن!“—Og hún vafði hana að sér.—„Mér þykir vænt um að litla stúlkan mínn elskar mig. En leiddist þér meðan eg var að skrifa? Mér sýndist þið, brúðan þín og þú, una ykkur svo vel saman.“

„Já, við gerðum það. En eg þreyttist á að elskja hana.“

„Því þá það?“ — Æ, af því hún elskar mig ekki aftur. — „Nú, þess vegna elskar þú mig?“ — „Já, það er eina ástæðan, mamma mínn. En það er helsta og besta ástœðan.“

„Hver er hún, góða mínn?“

„Geturðu ekki getið upp á, mamma?“ Og bláu augun urðu svo tindrandi björt og blíð. — „Það er vegna þess að þú elskar mig, þegar eg var of lítil til þess að elskja þig aftur. Þess vegna elskta eg þig svo mikið, mamma.“ Og hún þaut upp um hálsinn á möðmu sinni.

Petta svar litlu stúlkunnar minnir á inndælu orðin hjá postulanum Jóhannesi: „*Elskum hann, því hann hefir elskoð os að fyrra bragði.*“ (1. Jóh. 4. 19.)

Fyrsta lexfan hans.

Enski spekingurinn mikli John Ruskin, sem dó fyrir rúmmum sex árum, segir á þessa leið frá fyrstu lexíunni, sem hann fékk í hlýðni:— „Það var kvöld eitt. Eg sat á kjöltu fóstru minnar. Á stónni stóð sjóðandi te-kanna. Eg vildi ná í hana og söttist eftir hví með miklum ákafa. Móðir mínn skipaði mér að halda fingrunum á mér burtu frá könnunni. En eg heimtaði að mega halda þeim að henni. Fóstra mínn hafði tekið mig burtu frá stónni. En móðir mínn sagði: „Lofaðu honum að taka á könnunni.“ — Eg gerði það líka. Og var það fyrsta lexíað, sem eg fékk í útskýringunni á orðinu *frelsi*. Það var líka í fyrsta sinni að eg fékk að bragða á frelsinu, og í síðasta sinni í langan tíma að eg bað um að fá að bragða á því.“

TIL GAMANS.

Auðvitað. — Á sjúkrahúsi nokkru fyrir geðveika voru karl-mennir einu sinni sem oftar að saga við í eldinn. Gæslumanninum fanst, að gamall fri í hópnum gerði ekki eins mikil og hann ætti. Gamlí maðuriinn hafði snúið söginni sinni við, létt tennurnar snúa upp og sagaði með bakkanum. — „Heyrðu, maður! Hvað ertu að gera?“ — kallaði hann til hans. „Þú sagar ekki við með þessu móti. Snúðu við söginni þinni.“

Írinn hætti og horfði til hans með afskaplegri fyrirlitningu og spurði: „Hefur þú nokkurn tíma sagað á þennan hátt, karl munn?“ — „Nei, auðvitað ekki!“ — „Hana þá! Haltu þér þá saman, maður! Eg hef gert það. Og eg hef reynt, að það er lang-auðveldast.“

Rangeygð nál. — Matta litla, 4 ára gömul telpa, var að læra að sauma. Hún var lengi búin að sitja við að reyna að þræða nálina. Þá kallar hún til mömmu sinnar og segir: „Mamma, er ekki gatið á nálinni kallað auga?“ — „Jú, gæskan mínn!“ — „Þá er þessi óhræsis gamla nál áreiðanlega rangeygð, mamma.“

Engin furða. — Hann: „Föður mínum stendur á sama, hvað mikil sem rignir.“ — Hún: „Einmitt það! Svo regn á við hann?“ — Hann: „Já, því hann býr til regnhlífar.“

Kirkjuþing 21. Júní, byrjar með guðspjónustu í kirkjunni á Mountain kl. hálf-ellefu f. m.

Sunnudagsskólaping og bandalagsþing á þeim dögum, er til voru teknir á kirkjuþinginu í fyrra.

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam“, hálf örkl. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufelagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Canada.